



LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

10. árg. 2001 1. tbl. kr. 499-

Meðal efnis í blaðinu:

**Íslenskt birki á
erlendri grúnd**

**Gagnvarið timbur, hrein
himnasending eða versti
skaðvaldur?**

**Góður gangur í
landshlutabundnum
skógræktarverkefnum**

Rjúpur verpa í skóginum

Skógrækt í Breiðdal

www.skog.is



VELKOMIN

í skóglendi

Skógræktar ríkisins



TJALDSTÆÐI:

Selskógur í Skorradal,
Vaglaskógi,
Hallormsstaðaskógi
og í nágrenni
skógræktarsvæðanna
í Þjórsárdal og Haukadal



PLÖNTUSALA:

Hvammur í Skorradal
sími 437 0061

Laugabrekka, Skagafirði
sími 453 8216

Vaglir í Fnjóskadal
sími 462 5175

Tumastaðir í Fljótshlíð
sími 487 8345



RÁÐGJÖF – FRÆÐSLA:

Skógræktarráðunautur Norðurlandi
Akureyri, sími 462 4477


Skógræktarráðunautur Austurlandi
Egilsstöðum, sími 471 2100

Skógræktarráðunautur Suðurlandi
Selfossi, sími 482 1611

Skógræktarráðunautur Vesturlandi
Hvanneyri, sími 437 0000

Rannsóknastöð
Mógilsá, sími 566 6014

Þjónustusími Skógræktar ríkisins
Suðurhlíð 38, Reykjavík, sími 554 3800



SKÓGRÆKT
RÍKISINS



LEIÐBEINENDUM LEIÐBEINT Áhugavert námskeið í skjólbeltarækt

Rúmlega 20 manns mættu á Hótel Selfoss 19. júní s.l. til að hlýða á dr. Alexander (Sandy) Robertson fjalla um vind, áhrif vinds á trjágróður og áhrif trjágróðurs á vind. Sandy, sem er Skoti að uppruna en býr á Nýfundnalandi, er sérfræðingur á þessu sviði og íslensku skógræktarfólki vel kunnur, hefur komið hingað oft og þekkir aðstæður vel. Á námskeiðinu, sem var á vegum Skógræktar ríkisins og Suðurlandsskóga, mætti það starfsfólk landshlutabundnu skógræktarverkefnanna, Skógræktar ríkisins og Landgræðslunnar sem helst er að fást við hönnun skjólbelta og ráðgjöf um skjólbeltarækt.

Fyrir hádegðið hélt Sandy fyrirlestur og síðan voru ýmsir punktar undirstrikaðir með líkani þar sem notað var fljótandi köfnunarefni til að búa til þunga gufu sem líkti eftir vindi á leið niður fjallshlíð. Þar lenti „vindurinn“ á nokkrum gerðum skjólbelta og var augljóst að gísinn belti og þau sem eru opin að neðan gera lítið gagn, jafnvel ógagn. Hins vegar fanga tvö góð belti með hæfilegt bil á milli allan vindinn ásamt því sem hann ber með sér, s.s. snjó.

Eftir hádegðið var svo farið í skoðunarferð um Suðurland, skjólbelti skoðuð og um þau skeggrætt. Næsta dag kom síðan u.p.b.

hellingur hópsins saman að Mosfelli í Grímsnesi til að gróðursetja skjólbelti sérhannað af Sandy til að veita skjól og fanga snjó. Beltið heitir „íslenska slaufan“ og er allflókið en reyndist þó ótrúlega létt í uppsetningu þegar til kom. Aðalerindi Sandys í þessari ferð var annars að vinna með starfsfólki og bændum hjá

Skjólaskógum á Vestfjörðum. Auk þess veitir hann ráðgjöf um hönnun nýs íbúðahverfis undir Úlfarsfelli m.t.t. þess að draga úr vindálagi.

Þröstur Eysteinnsson Skógrækt ríkisins



Sandy spilar á sekkjapípur á meðan Böðvar skógræktarráðunautur á Suðurlandi og framkvæmdastjóri Skf. Ár. gróðursetur íslensku slaufuna.



Garðplöntustöðin

NÁTTHAGI

Beygt 3 km austan við Hveragerði



Harðgerð tré og runnar í garða, skógrækt og skjólbelti. Einnig úrval dekurplantna s.s. alparósir, klifurplöntur, rósir, sígrænir dvergrunnar, fjölcær blóm og sumarblóm.

Hagstætt verð - Góðar plöntur

Að koma við í Náttthaga borgar sig.

Opið alla daga frá kl. 10 til 19

Sími: 483 4840

Fax: 483 4802

Netfang: natthagi@centrum.is

Veffang: <http://www.natthagi.is>



Lykillinn að góðu kvöldi



LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands,
10. árgangur, 1. tölublað 2001

Skógræktarfélag Íslands er samband skógræktarféлага sem byggja á starfi sjálfbæðaliða. Það er málsvári félaganna og hefur m.a. að markmiði að stuðla að trjá- og skógrækt, gróðurvernd og landgræðslu, auk fræðslu- og leiðbeiningastarfs. Skógræktarfélagin starfa um allt land og eru 59 talsins með liðlega 7000 félagsmenn, og mynda þannig ein fjölmennustu frjálsu félagasamtök landsins sem vinna að umhverfismálum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi styður þú gott málefni, auk þess að tengjast lífandi félagsskap þar sem fram fer

fjölbreytt félags- og fræðslustarf. Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélagunum. Með því að gerast félagsmaður skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands, Ránargötu 18, 101 Reykjavík, sími: 551-8150

Ritstjóri: Jón Geir Pétursson skógfræðingur, netfang: skogis.igp@simnet.is

Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar. Ábyrgðarmaður Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

www.skog.is

Prentvinnsla: Viðey ehf.

Gefið út í 7500 eintökum. Stjórn Skógræktarfélags Íslands: Formaður Magnús Jóhannesson, varafor- maður Vignir Sveinsson, gjaldkeri Sigríður Jóhannsdóttir, ritari Björn Árnason, með- stjórnendur Ólafía Jakobsdóttir, Sigurður Arnarson, Þorvaldur S. Þorvaldsson. Var- menn Hólmfríður Finnbogadóttir, Trausti Tryggvason, Þuríður Yngvadóttir.

Forsíðumynd: JGP

ISSN 16D5 5D12

GÖNGU- OG REIÐLEIÐIR Á SKÓGRÆKTARSVÆÐUM SKÓGRÆKTARFÉLAGS STYKKISHÓLMs



Það segir sig sjálft að ríðandi maður á hesti getur skemmt tugi ef ekki hundruð plantna í smá skoðunarferð inn á skógræktarsvæðin. Þetta á einnig við um gangandi fólk. Það er að færast í vöxt að sett eru upp „gerði“ fyrir hesta nálægt áningarstöðum á skógræktarsvæðum. Til að vera í takt við tímann höfum boðið hestamönnum í Stykkishólmi að setja upp gerði á tveimur stöðum á skógræktarsvæðinu í Sauraskógi, í Langás og Setbergi, tengdum áningarstöðum, þar sem grill, bekkir og borð eru fyrir hendi. Gerðin þurfa þó að vera í nokkurri fjarlægð frá áningarstaðnum, þ.e. borði og bekkjum, vegna þess að reikna má með að upp komi

Sú nýlunda sem við höfum verið að tileinka okkur hjá Skógræktarfélagi Stykkishólms varðandi gönguleiðir er að merkja sérstaklega þær leiðir sem ríðandi menn á hestum mega fara um á skógræktarsvæðunum. Merkin eru í sjálfu sér einföld: grænn hestur táknar að heimilt sé að ríða um svæðið en rauður hestur táknar að óheimilt sé að ríða um svæðið. Viðeigandi merki eru skrúfuð á stikurnar við byrjun göngu- og eða reiðleiðar.

Skógræktarsvæðin á hestum nema þar sem græni hesturinn er. Við skógræktarmenn í Stykkishólmi höfum gætað státað okkur af því að hafa góða samskipti við hestamenn. Til marks um það opnuðum við síðastliðið sumar reiðleið í gegnum skógræktarsvæðið í Tíðás sem tengist svo reiðvegi báðumegin við. Ennþá er þó óheimilt að ríða um svæðið nema eina leið, eftir gamla þjóðveginum. Fyrirhugað er að bæta við reiðleiðum þar á næsta sumri.

vandamál í sambandi við flugur sem sækja að áningarstöðunum. Eins og margir vita eru flugur eitt það hvítleiðasta sem við glímum við á áningarstöðum.

Fyrstu merkin hafa verið sett upp í Grensás rétt ofan við Stykkishólmi. Til að forðast allan misskilning þá eru að sjálfsögðu allar aðalleiðir, þ.e. akvegir og slóðar að skógræktarsvæðunum í sjálfu sér reiðleiðir. En að sama skapi er bannað að fara um

En af hverju að merkja sérstaklega göngu –og eða reiðleiðir? Ástæðan er sú að það er verið að rækta upp landið með aðferð sem nefnd hefur verið skógrækt. Það er af og frá að ríðandi maður sjái plöntur fyrr en þær eru orðnar nokkurra ára gamlar.

Trausti Tryggvason
Formaður Skógræktarfélags Stykkishólms
skogar@simnet.is



Vinnum saman

Græðum Ísland

Landgræðslufræ

Þarftu að græða upp mela og rofabörð
eða rækta fallega grasflöt?

Þá eigum við hentugt fræ handa þér

Hagstætt verð

Ráðgjöf um val á fræi við mismunandi aðstæður



Landgræðsla ríkisins

Sími: 488-3000 • Fax: 488-3010 • Netf.: lgr@landgr.is

LÁTUM LANDIÐ Í FRÍÐI

Hendum ekki sígarettustubbum
eða flöskubrotum á víðavangi.

ATVR





FORSÍÐUMYND LAUFBLAÐSINS

Að þessu sinni er forsíðumyndin af alaskaöspunum fallegu í Mosfellsbæ.


Síðla júnímánaðar 1989 fékk Mosfellsbær veglega gjöf frá gróðrarstöðinni Gróanda að Grásteinum í Masfellsdal. Voru það fimmtíu alaskaaspir af klóninu „Salka“, vel á þriðja metra á hæð. Aspirnar voru gefnar í tilefni þess að gróðrarstöðin hafði starfað í 20 ár í Masfellsdal og til minningar um Sigurbjörn Björnsson, föður Björns sem nú rekur Grásteina, en Sigurbjörn lést þá um vorið. Sigurbjörn hafði oft talað um að vel færi á því að gróðursetja aspir í svonefndri Ullarnesbrekku, sem er brekkan upp af Varmánni þegar ekið er eftir Vesturlandsvegi til norðurs.

Þetta bar brátt að og kallaði á talsverðan undirbúning, því mikið er um lagnir og jarðstrengi á svæðinu og svo auðvitað sjálfur Vesturlandsvegurinn. Því þurfti að hafa samráð við marga aðila áður en hægt var að ákveða staðsetningu og byrja að grafa.

Þetta hafðist þó á u.þ.b. vikutíma og daginn fyrir gróðursetningu voru holar teknar með vélgröfu og húsdýraáburður settur í botn þeirra. Jarðvegi og húsdýraáburði var síðan blandað saman í haug sem beið næsta dags. Þá voru aspirnar sóttar í Grásteina og fluttar á vagni á gróðursetningarstað. Aspirnar voru gróðursettar u.þ.b. 10 cm dýpra en þær höfðu staðið í beði og voru hafðir 6 m á milli trjáa. Vatnstankur á hjólum fylgdi á eftir og var vatn látið renna úr slöngu við hvert tré dágóða stund. Einnig var gefinn tilbúinn áburður.

Ullarnesbrekkan er mjög áveðurs, sérstaklega í norðaustanátt, og voru margir svartsýnir um árangur. Einnig þótti gróðursetningartíminn afleitur og sumir óttuðust að tré byrgðu fyrir útsýni úr Helgafellshverfinu. Það er skemmst frá því að segja að aspirnar létu úrtöluraddir sem vind um lauf þjóta og létu ekkert á sjá eftir gróðursetningu. Má eflaust þakka það

góðum plöntum, sem höfðu verið rótarstungnar á beði, og góðum undirbúningi sem leyfði hröð handtök við gróðursetningu, en þannig var vökvatap trjáanna lágmarkað. Það vökvatap sem varð, var bætt upp svo fljótt sem auðið varð. Ekki þurfti að vökva aspirnar eftir það, þrátt fyrir sól og blíðu næstu daga og vikur. Nú tólf árum seinna eru hæstu aspirnar tæpir 10 m og til mikillar þrýði.



SÖGUR FRÁ AÐALFUNDUM SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Á aðalfundum Skógræktarfélags Íslands kemur saman margt fólk og ýmislegt fer fram. Halldór Halldórsson, Skógræktarfélagi skáta, hefur verið fulltrúi um árabíl á fundunum. Hann hefur safnað í sarpinn smásögum af fundunum sem hann ætlar að koma á framfæri hér í Laufblaðinu.

Meðal fulltrúa á aðalfundinum á Hornafirði 1991 var Þórður Gíslason (1916-1994) bóndi á Ölkeldu í Staðarsveit á Snæfellsnesi. Eins og vani er á fundunum er farið með fulltrúana og gesti í skoðunarferðir um nágrennið og stansað á nokkrum stöðum. Eftir eitt stansið brá svo við að

Þórður villtist upp í ranga rútu. Nóg var af lausum sætum í henni svo Þórði var bent á að fá sér sæti og fara bara upp í sína rútu eftir næsta stans. Þá snéri gamli bóndinn sér við og þrugaði: „Alla mína búskapartíð hef ég aldrei liðið þeljunum mínum að fara á vitlausan bás“. Frekari tilraunir voru ekki gerðar til að halda í Þórð.

Þar sem rúturnar voru ekki alveg að fara fór Þórður að tala um veðrið en óvenju hlýtt var þá daga sem aðalfundurinn stóð. Fór Þórður, sjó barna faðirinn, að rifja upp að í einni bók Nóbelskaldsins hafi hann lýst veðurlaginu á þá leið að svo heitt hafi

verið í veðri að hestarnir hafi verið með úti. Hér verður ekki greint nánar frá því sem hestarnir voru með úti nema að það eru bara folarnir sem hafa þennan líkamspart en á móti kemur að hryssurnar eru því móttækilegri fyrir honum ...

Aðalfundurinn á Hornafirði 1991 var síðasti fundurinn sem Þórður sótti. Nú hugsuðu flestir að Þórður væri orðinn gamall maður. Það þótti því ýmsum eftirminnilegt þegar glöggir menn tóku eftir því í maí 1993 að mamma hans varð 100 ára. Er ekki vítað annað en Þórður hafi mætt í veisluna hjá afmælisbarninu.

„Embla“

er kynbætt birki. Afrakstur kynbótasamstarfs Markar, Gróðurbótafélagsins og Þorsteins Tómassonar forstjóra Rala. Öll ágræðsla móðurefnis og framleiðsla Emblu-fræja fer fram í Mörk.

Allt birki sem selt er í Gróðrarstöðinni Mörk er „Embla“. Til í öllum stærðum frá skógarplöntum og uppúr.

Kostir „Emblu“

„Embla“ hefur þá ríkjandi eiginleika að vera beinstofna tré með einn leiðandi ljósan stofn. Hraðvaxta og harðgert.

Þar sem tréin eru ræktuð Yfir 30 ára reynsla

Hjá okkur færðu faglega ráðgjöf.

GRÓÐRARSTÖÐIN Mörk

STJÓRNUGRÖF 18, SÍMI 581 4288, FAX 581 2228

Sækið sumarið til okkar

www.mork.is



NÝJUSTU TRJÁHÆÐARTÖLUR FRÁ HALLORMSSTAÐ

Ekkert lát virðist vera á hæðarvexti íslenskra trjáa. Sigurður Blöndal fyrrv. skógræktarstjóri sendi Laufblaðinu þessar trjásmælingar núna fyrir skömmu. Eins og lesendur sjá eru tvær trjátegundir núna búnar að ná 21 metra hæð í Hallormsstaðaskógi. Aðrar eru óðum að nálgast 20 metra múrinn!

Trjátegund	Uppruni	Gróðursetningarár	Hæð mæld
Alaskaösp	Stungið sem græðlingi	Stungið sem stiklingi 1951	21,00 m
Rússalerki í Atlavíkurlandi	Arkangelisk	1937	21,00 m
Blágreini	Colorado	1905	19,00 m
Rauðgreini	Kvæmi óþekkt	1908	17,05 m
Sitkagreini	Óþekkt kvæmi frá Alaska	1943	17,30 m
Stafafura	Smithers	1940	17,25 m
Döglingsviður	Mount Rainier, Washington	1941	16,60 m

GÆÐAMOLD Í GARÐINN

Grjóthreinsuð mold, blönduð áburði, skeljaskalki og sandi. Þú sækir eða við sendum. Afgreiðsla á gömlu sorphaugunum í Gufunesi.



GÆÐAMOLD
MOLDARBLANDAN – GÆÐAMOLD HF.
Pöntunarsími 67 49 88

ÍSÓL

S: 480 4300
www.reykir.is

Garðabær

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA

FI

ISLENSKIR ÖSTAR
HREINASTA AFRIÐO

Láttu ETRAMO léttu þér störfín

Jarðvegsfæriböndin sem auðvelda þér garðvinnuna

Henta vel við þröngar aðstæður t.d. í gördum og kjöllum húsa til flutnings á jarðvegi svo sem mold, sandi, mól og grús.

Leitið nánari upplýsinga.



Fáanleg í 3,0 og 4,5 metra einingum.
Flutningsgeta: 50 tonn/klst.

KRAFTVÉLALEIGAN
Dalvegur 6-8 • 200 Kópavogur
Sími 535 3513 / 895 6203 • Fax 535 3519
www.kraftvelar.is

Til kaups eða leigu



RJÚPUR VERPA Í SKÓGINUM

Vegna þeirrar umræðu, sem gengur út á að skógrækt umbreyti öllu vistkerfi og uppeldissvæðum rjúpunnar, hefur mér verið hugsað til þess tíma er ég vann í Heiðmörk sumarið 1980 eða 1981 ásamt kollega mínum Braga Melax við að byggja undir girðingar og leggja göngustíga með unglingum. Bragi Melax sýndi mér eitt sinn rjúpu sem lá á eggjum undir grenitré. Ég tók síðan myndir af þessu fyrirbæri og rakst á tvær þeirra á dögnum þegar ég var að taka til og sortera.

Mér varð heldur brugðið þegar ég heyrði í fjölmiðlum að framangreind staðhæfing kæmi frá fuglafræðingum. En sjón er sögu ríkari. Myndin sýnir rjúpu í felulitum liggjandi í grasi undir greinum grenitrés og teygir Bragi Melax hægri hönd sína að rjúpunni eins og hann ætli að klappa henni. Ég vil taka það fram að við erum báðir unnendur trjá- og skógræktar og veiðum af og til eitthvað af rjúpum.



Sigurður R. Sigurbjörnsson

Rjúpa á hreiðri í greniskógi á Heiðmörk. Mynd: Sigurður R. Sigurbjörnsson.



Verðlaunakrossgáta Laufblaðsins

Verðlaunakrossgáta Laufblaðsins er góð leið fyrir áhugasólk að skerpa á kunnáttu um tré og skóg. Lausnir sendist til Skógræktarfélag Íslands, c/o krossgátan, Ránargata 18, 101 Reykjavík. Dregið verður úr réttum lausnum og vegleg verðlaun veitt í vor.

Dregið hefur verið úr réttum lausnum verðlaunakrossgátunnar.

Lausnarorðið var „Askur“. Eftirtalinn vinningshafi var dreginn út og á hann von á Skógræktarþókinni í pósti á næstunni.

Ólöf Kristófersdóttir
Útgarðar
860 Hvalsvíllur.

Greni frá Noregi	Tré + Almur	Tilheyrir þessu Geimvera	Nag	Einn + Slá	Err		Væli
					5		
					Dráp		
Svall + Slá					Fæði Drykki		2
Hvildi + Hasar	1				Verkf. til að fella tré Tímum		
Einn + Fjöldi					Eltri Drasl		Fliðe-vaxinna trjáa
Eins + Vex vel á Héraði							
	Baunir Ber fræ			4	Klaci Samhlj.		
Gani		Nið Kind					
Ellefu		Ulmur			3	Samtök	
1	2	3	4	5			



GIRÐIR

Girðingarefni framtíðarinnar

Hefur þú kynnt þér Girðir? Einstakur virðisinn og endurunnið plastið gerir Girði varanlega lausn fyrir rafgirðingar.

Girðir er fánlegur í eftirfarandi útfærslum:

- G1** Með járnkarna sem hentar fóstum og grýttum jarðvegi.
- G2** Er alur úr plasti og hentar í mjótt jarðveg.
- G3** Rangla milli stauda.
- GH** Horni afstaut.

Endaleiti nr. 1710

Virðisinn er einfaldur, traustur og einstaklega þægilegur í notkun.

Vistvæn afurð - íslenskt hugvit

Flúðaplast ehf.
Sími: 486 6748 - Fax: 486 6594



PRENTSMIÐJAN VÍÐEY

Véla og Stálsmiðjan ehf

HÓLASKÓLI
HOLM Í HJALTADAL

BYKO

HÉRAÐSSKÓGAR

Guðmundur Jónasson hf
Borgartúni 34

Sorptunnuskýli

Ferðaskrifstofa Austurlands
Sími 471 2000 - Fax 471 2414

DYNJANDI
allt fyrir öryggið
SÖÐVANA 1 - PÖTUJÓÐN, 500 000 000 - FAX 500 000 000

Lánasjóður landbúnaðarins

sími 568 9095

Eyðing skjala

Einfalt Öruggt Fljótlegt

GAGNAEYÐING
Gagnaeyðing ehf.
Skútuveg 13 - 104 Reykjavík
Sími: 568 9095
Fax: 568 828215
Farsími: 897 2803
Netfang: gagnaeyding@gagnaeyding.is

Opið frá 9.00 til 17.00
mánudaga til föstudaga (og eftir samkomulagi)

Gerðu garðinn þinn enn fallegri

Fjölbreytt úrval af fallegum:

- Sumarblómum
- Fjölærum plöntum
- Skrautrunnum og trjám
- Garðrósum

NÝR PLÖNTULISTI Verið velkomin

GRÓÐRARSTÖÐIN GRÆNAHLIÐ
Furugerði 23, Reykjavík
sími 553 4122, fax 568 6691

GRÓÐRARSTÖÐIN STORÐ
Dalvegi 30 - Kópavogur
sími 564 4383 - fax 568 6691

Opið:
mánud. til laugard. 9 - 20
sunnudaga 10 - 19

Opið:
mánud. til laugard. 9 - 20
sunnudaga 10 - 19

SKÓGRÆKT Í BREIÐDAL



Guðjón Sveinsson skáld á Breiðdalsvík sendi Laufblaðinu eftirfarandi bréf og drápu.

Þannig er mál með vexti að um það leyti er grillveislunni þann 19. ágúst var að ljúka datt konu minni, formanni Skógræktarfélags Breiðdæla, það í hug að rétt væri að hylla okkar ágæta félag, Unu Einarsdóttur, með því að helga henni 70 plantna reitinn, en Una varð sjötug daginn áður. En þar sem komin var hreyfing á mannskapinn og undirritaður, sem átti víst að mæla eitthvað spaklegt og fyndið var ekki í stakk búinn til slíkra afreka, setti hann upp fylusvip og spurði hvurs vegna í and ... hún, þ.e.a.s. formaðurinn, hefði ekki nefnt þetta við lautínant verkefnisins, monsjör Sigurð Arnarson. Sem sagt ekkert varð úr þessu.

Unuóður

*Herlegt skal hér helja ljóð
hylla með því dyggðugt fljóð
er hefur lagt á hendur plóg
sér haslað völl í grænum skóg.*

*Vóx hún upp við austfirskt djúp
er oftlega klæðast þokuhjúp.
Horfði á Fjöllin teygja tá
tignarlega í loftsins blá.*

*Döngun óx við kjarnakost
kjötið salt og lýsi og ost.
Víst hún stæði varla hér
með vínarpylsur einar sér.*

*Annaðist löngum börn og bú
með bjartsýni og ást og trú.
Helgust verður hennar jörð
um heiðar og dali við Vopnafjörð.*

*Barst með vindum Breiðdal í,
blasti þar við veröld ný;
naktir aurar, iðgræn hlið
úti fyrir hafsbrún við.*

*Lenti brátt því liði hjá
er lamdist tíðum melum á.
Þar reyndi að gera grænna vé
við gárunganna háð og spé.*

Um kvöldið, til að hressa sálartetur formannsins, stakk undirritaður upp á því að eftir að búið væri að lemja niður 22.000 þúsundin, skyldi efnt til kaffisamsætis að Hótel Staðarborg og þar tilkynnt að Unu væri helgaður 70 plantna reiturinn í tilefni sjötugsafmælisins hennar (fleiri sjötugir en Skógr.fél. Ísl.) og umræddur reitur nefndur Unumór. Síðan skyldi henni flutt drápa. Bauðst undirritaður til að banga saman diktinn. Fer hann hér á eftir. Er skemmst frá að segja að ekkert varð af þessu hófi. Engu að síður tel ég rétt og skylt að koma þessu á prent, kaffið getur beðið vorsins.



Stærsti hluti þátttakenda í Unumó eftir grillveisluna. Una fremst. Ljósmynd: G.Sv.


*Plantaði þar barri og björk,
barðist hart sem mæð af Örk.
Stíga, skurði gerði og gróf,
grettistak þar einbeitt hóf.*

*Réðist í að byggja brýr,
blasir nú við heimur nýr.
Dagsverk orðin ærið mörg,
óðum grænka nakin hörg.*

*Hlýddi þar á heilög mál
hlaut að kallast „aurasál“
Saman þetta léttir lund,
ljúft að ávaxta sitt pund.*

*Þegar endar allra för
andinn brestur, kraftur, fjör
er ljúft að gefa lýðnum ró
í laufi- og barri klæddum skóg.*

*Heill þér, Una, alla tíð
þér ómi skógarljóðin blíð.
Þau undir taka okkar söng
út í dægrin, björt og löng.*



Elsti og yngstu þátttakendurnir. Björn í Birkhlið styður við ung börk Bjarkar Arnardóttur og Guðjóns Sveinssonar.

Ljósmynd: Sólney Pálsdóttir

Guðjón Sveinsson Mánabergi.



Laufblaðið, fréttablað Skógræktarfélags Íslands

Hóperðabifreiðar 8-70 sæta



Teitur Jónasson ehf

Sími: 564 2030

Gróðrarstöðin **Réttarhóll**

Svalbarðseyri Sími: 461-1660 & 899 8352

Vefang: <http://www.est.is/gr/>



- Tré og runnar,
- fjölær blóm,
- flestar tegundir sumarblóma,
- pottablóm,
- skógarplöntur í bökkum,
- Lánum gróðursetningaráhöld

Opnir alla vika daga frá kl. 13-22 og laugardaga og sunnudaga frá kl. 10 - 18



SPARISJÓÐUR VÉLSTJÓRA

Bogartúni 18, Síðumúla 1, Rofabæ 39

GRINDAVÍKURBÆR



STEYPUMÓT FYRIR SUMARBÚSTAÐI



- Steypumót undir sólpallinn og sumarbústaðinn

- Smíðum eftir máli
- Fljót og góð afgreiðsla

HAGBLIKK ehf

Smíðjuvegi 4c 200 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203

METPOST

UNDIRSTAÐAN

skiptir máli fyrir



- sólpallinn
- skjólvegginn
- girðinguna



Stólpi í steypu

Stólpi í jarðveg




Stólpi til að bolta niður



EINFALT • FLJÓTLEGT • ÖRUGGT

TVÖFALDUR VÖXTUR TRJÁPLANTNA MEÐ HLÚPLASTI



Ótvíræður árangur

HLÚPLAST ræktunardúkurinn er þróaður í samvinnu við Skógrækt ríkisins. Niðurstöður mælinga Skógræktarinnar sýna ótvírætt fram á gildi HLÚPLAST dýksins við ræktun trjáplantna. Vaxtarhraði trjáplantanna tvöfaldaðist á sex ára tímabili.

HLÚPLAST ræktunardúkurinn er fyrirbyggjandi í þremur lengdum, 25 m og 50 m fyrir tömtunda-ræktun og 500 m til vélbænnar niðurstæmingar.

Ótsölustaðir: Byggingavörusalanir og gróðurstöðvar um land allt.



Plastprent hf.

Fossháls 17-25
110 Reykjavík
Sími 580 5400
Fax 580 5600

ÍSLENSKT BIRKI Á ERLENDRI GRUND

Um páskana 1988 settum við niður fjórar birkiplöntur í garðinum okkar. Þetta var gjöf frá Lilju og Páli Torp sem komu með þær í ferðatöskum. Mér var sagt að þær væru nokkurra ára gamlar og hæðin var milli 40 og 50 cm. Þessar plöntur voru keyptar í trjáæktarstöð í Fossvogi, sérstaklega valdar sem gæðaplöntur og þær hafa dafnað vel hjá okkur. Ég hafði hugsað mér að klippa þær reglulega svo það myndi verða smá skjólveggur úr þeim en svo varð ekkert úr því hjá mér. Eftir á, var ég ekki alveg viss um að staðsetning þeirra væri sú besta, því þeim megin í landslaginu sem halli er og búast mætti við vatni í jörðinni, er bílastæði um hálfum metra lægra en trjábeðið. Hins vegar var ég nokkuð duglegur að vökva fyrstu árin. Núna, eftir 12, ár hafa þessi tré náð frá 4 til 5 metra hæð. Örlítil stæðarmunur í upphafi hefur haldið sér nokkurn veginn síðan. Stofnarnir niður við jörð eru að ummáli frá 25 til 35 cm og öll trén eru vel bein, samt ekki þráðbein. Fyrstu árin höguðu trén sér eins og ég geri ráð fyrir að íslenskt birki geri, laufguðust jafnvel ekki fyrr en í lok maí og eftir fyrsta kul haustsins, í lok ágúst, féllu laufin ótrúlega fljótt. Það var jafnvel nóg að það kæmi rigning og hitastigið hrapaði að laufin byrjuðu að skreppa saman. Þessi tré hafa aldrei verið úðuð, ekkert hefur hrjád þau og þau virðast mjög heilbrigð. Trén eru frekar ljós á lit, jafnvel að það mætti kalla þau hvít.

Garðurinn okkar er í rúmlega 600 metrum yfir sjávarmáli, og við erum í um 500 km fjarlægð frá sjó (Miðjarðarhafið í suðri) og líklega um 700 km frá Atlantshafinu í vestri. Staðsetningin á hnettinum er nokkurn veginn 46 gr. og 15 mín. norður og um það bil 6 gráður austur. Þetta er sem sagt í Frakklandi, um 10 km frá Genf í Sviss. Við erum nánast undir Júrafjöllunum sem eru bæði í norðri og vestri, í suðri eru Alparnir, um það bil 100 km bein lína í Mont Blanc. Það er hending að maður sjái einhverjar vindmælingar með veðurfréttunum á þessu svæði. Meðal-úrkoma hvers mánaðar er frekar jöfn, minnst frá rúmlega 5 cm í febrúar og mest um 8-9 cm í september-október og meðal- loftþiti er samkvæmt töflunni hér.

Mánuður	Meðalhiti Hæst °C	Meðalhiti Lægst °C	Kaldasta mæling	Meðal- úrkoma í cm
apríl	13,3	3,9	-3,2	6,2
maí	18,3	7,8	-3	7,5
júní	22,2	11,1	2	8
júlí	25	13,3	5	7
ágúst	25	13,3	5	8,7
september	20,5	10,5	1	9
október	13,9	6	-2	9



Ég er enginn sérstakur trjá-ræktarmaður, bara einn af þeim sem vilja hafa tré í garðinum. Ég hefði náttúrulega átt að halda einhverskonar skrá yfir þessi tré ef einhverjir sérfræðingar vildu vita meira um þau. En ég hef eina skemmtilega viðmiðun. Á sama tíma og íslenska birkið kom í garðinn setti ég niður franska birkiplöntu, líka ljósa á lit, nokkurn veginn jafngamla. Hún hefur líka staðið sig mjög vel. Mér var gefin sú planta, kunningjar okkar sem bjuggu í sambýlishúsi í Genf, voru með blómapott á svölunum og einhvern veginn náði birkið að komast í pottinn. Núna er það tré nánast

helmingi stærra en þau íslensku, stofninn er um 75 cm að ummáli niður við jörð og það hefur náð um 10 metra hæð. Reyndar held ég að það tré sé eitthvað betur



staðsett heldur en þau íslensku, þar sem jarðvegurinn er alveg sléttur og óhindraður ofan við það. En ég geri ráð fyrir að undir venjulegum kringumstæðum ætti ekki að muna helmingi eða meira í stærð á þessum trjám. Fyrir nokkrum árum var óvenju kalt vor og mjög vætusamt í júní og fram í júlí. Þá fannst mér íslenska birkið hafa tekið verulega við sér og mér fannst það taka mikinn vaxtarkipp. Svo verð ég að nefna að íslenska birkið ilmar mjög vel, sem magnast í vætu, en það franska er alveg lyktarlaust. Ég nefndi áðan að þessi tré hafa verið mjög heilbrigð, hins vegar hef ég alltaf átt í vandræðum með sum ávaxtatrén í garðinum, sérstaklega tvö eplatré, sem oftast blómgast á vorin en eru svo vesældarleg á sumrin og bara einstaka sinnum hafa náð að bera ávöxt. Ég læt það ekki fá neitt á mig lengur, því ég hugsa dæmið þannig að pöddur og veirur megi halda sig þar og láta þá annað í friði.

Einn kunningi minn hér sem er plöntufræðingur sagði mér að jurtir hefðu innbyggðar „klukku“ og þess vegna færi vaxtartími íslensku trjáanna eftir íslenskum aðstæðum. Hins vegar mætti ég búast við að þetta myndi breytast með tímanum, og það hefur gerst. Þann 20. apríl 2000, á skírdag þegar ég skrifa þetta, er franska birkið orðið nærri allaufgað en maður getur rétt séð örta fyrir grænum lit í brumi þeirra íslensku, þau ættu að laufgast innan fárra daga. Hitinn náði um 18 stigum í dag og spáin er svipuð fyrir næstu daga, það má búast við um 25 stiga hita á laugardag. Sem sagt, laufgunartími íslenska birkisins hefur líklega lengst um allt að tvo mánuði á sumri þar sem laufin standa núna að öllu jöfnu langt fram í september. Þó er munur hvað franska birkið heldur lafinu betur á haustin.

Ég set hér með myndir sem ég tók af trjánum 19. apríl 2000, og þær sýna glögglega muninn á trjánum. Lotta, hundurinn á heimilinu, var notuð sem viðmiðun fyrir stærð. Hún er 10 ára, fædd á Akranesi og kom hingað rétt eftir að hún hafði opnað augun og eins og birkið mun þeirra séríslenska upplag fylgja þeim alla tíð. Sem reyndar gildir líka fyrir heimilislíkið.

Gert í Cessy (F), þann 21. apríl 2000.
Theodór Lúðvíksson. Netfang: lotta@wanadoo.fr



GÓÐUR GANGUR Í LANDSHLUTABUNDNUM SKÓGRÆKTARVERKEFNUM

Núna í vor hefur mikið verið gróðursett á vegum skógarbænda um land allt. Núna starfa fimm landshlutabundin skógræktarverkefni og spanna þau landið allt. Á vegum verkefnanna er ráðgert að gróðursetja um 3,3 milljón plöntur í sumar, sem skiptast þannig;

Austurlandsskógar: um 1.200.000 plöntur á Héraðsskógasvæði og um 150.000 plöntur í Austurlandsskógaverkefninu.
Suðurlandsskógar, um 1.200.000 plöntur.
Vesturlandsskógar, um 290.000 plöntur.
Skjólsskógar á Vestfjörðum, um 170.000 plöntur.
Norðurlandsskógar, um 400.000 plöntur.
Lætur nærri að þessar gróðursetningar



Skógarbóndinn Guðmundur Hr. Stefánsson á Fremri-Nýpum í Vopnafirði tekur þátt í Austurlandsskógum. Hann hefur útbúið áburðarskammta á gróðursetningarrörið/geispuna til að auðvelda sér verkið. Eins og sést á myndinni er áburðurinn festur við gróðursetningarbeltið. Hæfilegur skammtur á hverja plöntu er síðan settur í trektina og fellur áburðurinn gegnum rör í hæfilegri fjarlægð frá plöntunni. Hér sést Guðmundur að störfum með verkfærin. Mynd: E.G.

dugi til þess að þekja um 1,300 hektara lands skógi, auk þess sem veruleg

skjólbeltarækt er stunduð á bújörðunum í tengslum við verkefnið.

Gott veganesti fyrir skógarplöntur



Skortur á köfnunarefni og fosfór í íslenskum jarðvegi hamlar vexti litilla trjáplantna. Nýgróðursett tré þurfa því hæfilega skammta af þessum efnum strax við gróðursetningu og áframhaldandi áburðargjöf nokkur ár þar á eftir.

Í Grósku er auð- og seinleystum áburði blandað saman. Trén fá þannig nægilegan skammt strax á fyrsta sumri og seinleysti hluti áburðarins endist þeim næstu 2–3 vaxtarsumur. Þessir eiginleikar gera Grósku að sérlega hentugum áburði fyrir skógrækt á Íslandi.



Hreinn Óskarsson, skógræðingur
sérfræðingur Kennaskóla Íslands Skógræktar Háskóla á Mógilá



Áburðarverksmiðjan hf.

Síðum: 128 Reykjavík
Sími 580 5200 - Fax 580 5209 - www.aburda.is



SKÓGRÆKTARRITIÐ KOMIÐ ÚT

Skógræktarritið, félags- og fræðslurit Skógræktarfélags Íslands, fyrra hefti 2001, er komið út. Ritið á sér langa og farsæla sögu og fagnar 70 ára afmæli á þessu ári. Fyrsta ritið kom út 1931, ári eftir stofnun Skógræktarfélags Íslands í Stekkjargjá á Þingvöllum

Þrátt fyrir aldurinn er Skógræktarritið síungt og á ekki síður erindi til skógræktarmanna og áhugamanna um skógrækt en forðum. Ritið hefur aldrei verið meira að vöxtum en nú á afmælisári, eða 208 s.

Ritið er stórglæsilegt, prýtt fjölda ljósmynda og margar áhugaverðar greinar eru í ritinu að vanda.

Fyrsta má nefna lokagrein í greinaflokki Vilhjálms Lúðvíkssonar um „Skógrækt áhugamannsins III. Að breyta landi“. Í greininni er bollalagt um þær breytingar sem sýnilega eru að verða á landinu fyrir áhrif landgræðslu, skógræktar og gróðurbótastarfs og sagt frá draumum um framtíðina.


Hannes Flosason myndskurðarmeistari ritar grein er nefnist „Snorri Karlsson táluskáld“, skreytt fallegum myndum af verkum listamannsins.

Sagt er frá ljósmyndasýningunni „Skógur og skógarmenn“ sem var í húsnæði Menntaskólans á Akureyri í tengslum við afmælisáðalfund Skógræktarfélags Íslands í ágúst 2001. Þessi glæsilega sýning var tvíþætt. Annars vegar úrval ljósmynda Sigurðar Blöndals frá fyrri áðalfundum félagsins og hins vegar myndir teknar af C.E. Flensborg á Hallormsstað árið 1903 og myndir Gísla Gestssonar teknar árið 2000 á sömu slóðum. Birtar eru valdar myndir frá sýningunni og eru þær bæði skemmtilegar og áhugaverðar í sögulegu samhengi.

Þá eru ýmsar greinar fræðilegs eðlis. Aðalsteinn Sigurgeirsson ritar greinina „Breytileiki hjá klónum alaskaaspar í næmi gagnvart umhverfi“ og aðra grein ásamt fleirum um „Viðnámsþrótt alaskaaspar gegn asparryði“. Þröstur Eysteinnsson o.fl. rita greinina „Vöxtur fjögurra grenitegunda og lerkis í tilraun frá 1965“ og Hreinn Óskarsson skrifar um „Hvenær á að bera á? Tímasetning áburðargjafa á nýmörkum“. Og fræðapulurinn síungi, Sigurður Blöndal, fjallar um „Eyðimerkur Nýfundnalands og Labrador“.

Þá má nefna 2 greinar áhugamanna „Reynsla af víði við erfiðar aðstæður“ eftir Þorkel Jóhannesson og „Gunnfríðarstaðaskógur á Bakásun“ eftir Jón Ísberg.

Síðari hluti ritsins er helgaður efni frá ráðstefnunni „Skógrækt handan skógarmarka“ á Akureyri 27.-30. júní 2000 og frá fundi sem haldinn var samhliða á vegum NSSE, sem er norrænn sérfræðingahópur um vistfræði birkiskógabeltisins. Skógræktarritið fæst í helstu bókaverslunum og á skrifstofu S.Í. að Ránargötu 18. Áskriftar- og heimsendingasími S.Í. er 551-8150, netfang skogis.fel@simnet.is.





EFTIRTALIN FYRIRTÆKI STYRKTU ÚTGÁFU BLAÐSINS

Akureyrarkirkja
Bílaaleigan AKA
Bílastjarnan hf.
Bjarmar ehf.
Björn og Guðni hf.
Björn Traustason ehf.
Blikk og tækniþjónustan hf.
Blikksmiðja Einars ehf.
Bókasafn Héraðsbúa
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf.
Bújöfur-Búvélur
Búnaðarfélag Biskupstungnahrepps
Búnaðarfélag Grafningshrepps
Búnaðarfélag Grímsneshrepps
Búnaðarfélag Skagfirðinga
Búnaðarsamband A-Húnavatnssýslu
Búnaðarsamband Kjalarnessþings
Búnaðarsamband Suðurlands
Búvangur ehf. Brúarlandi
Byggðasafnið Skógum
Byggt og flutt
Bændaskólabú á Hvanneyri
Dalabyggð
Fagval
Fasteignasalan Ásberg
Ferðaþjónusta bænda Geirlandi
Ferðaþjónusta bænda Narfastöðum
Ferðaþjónusta bænda Syðri Haga
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Félagsmálaráðuneytið
Fjallalamb hf.
Flúðafiskur
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Framkóllunarþjónustan ehf.
Friðrik Jónsson ehf.
Fónix hf.
Garðyrkja ehf.
Gistiheimilið Syðra Langholti
Gróðrarstöðin Laugarströnd
Haraldur Böðvarsson hf.
Héraðsskjalasafn Austfirðinga
Hitaveita Egilsstaða og Fellahrepps
Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar
Hótel Geysir hf.
Hótel Norðurljós
Hreinsunardeild Reykjavíkurborgar
Hugver
Húsavíkurkaupstaður
Höfðahreppur
Hörgárbyggð
Innri-Akranshreppur

Ísefni efnavörur ehf.
Jarðefnaíðnaður hf.
Jón & Tryggvi hf.
Kaupsel hf.
Kjörgarður Laugavegi 59
Krappi hf.
Kvenfélagið Fjóla
Kynnisferðir sf.
Langanes hf.
Langholtsskóli
Laugarnesskóli
Meistarafélag húsasmiða í Reykjavík
PricewaterhouseCoopers ehf.
R J R trading hf umboðsverslun
Raftákn hf.
Reykjabúð hf.
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Siglufjarðarkaupstaður
Silfurstjarnan hf.
Skjanni hf.
Skógræktarfélag Patreksfjarðar
Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins
Sóldekk ehf.
Sparisjóður Bolungarvíkur
Sprettur ehf.
Starfsmannafélag Ísals
T F Búðin
Tanntæknastofa Einars & Kristins
Tékk-kristall hf.
Tónspil
Trésmiðja Sigfúsar
Kristinssonar
Trésmiðjan Eik hf.
Tölvuverk hf.
Vátryggingafélag
Íslands
VDO Mæla &
Barkaviðgerðir

Verkalýðsfélagið Rangæingur
Verslunin H Sel
Véla & Bílaþjónusta Kristjáns
Vélsmiðja Hauks Kjartanssonar
Vélstjórafélag Íslands
Vistheimilið Gunnarsholti
Þórshafnarhreppur
Ökuskóli S.G. sf.
Garðabær



ALLT Í GARÐINN

og garðvinnuna





Vantar þig gróðurmold, fræ, áburð, blómapotta, verkfæri, stytur og skraut í garðinn eða eitthvað annað sem snýr að garðyrkju, blóma- eða trjáækt? Hjá FRJÓ færðu mikið úrval af allskonar vörum til garðyrkjustarfa, á frábæru verði.

Við höfum allt sem þú þarft til að þróa garðinn þinn!



STÓRHÖFÐA 35, 112 REYKJAVÍK
SÍMI 567 7860, FAX 567 7863





TÆKNIN HELDUR INNREIÐ SÍNA

Góður stuðningur Bræðranna Ormsson ehf. við félagsstarfið


Fyrirtækið Bræðurnir Ormsson ehf/Beck's umboðið hefur lengi verið sérstaklega hliðholtt skógrækt í landinu. Fyrirtækið styrkti Skógræktarfélag Íslands rausnarlega

í vetur með sérhæfðum tækjum sem koma að góðum notum í fræðslu- og kynningarstarfi félagsins. Er þar um að ræða tölvuskjávarga af fullkomnustu gerð

og stafræna myndavél. Félagið hefur því tekið upp þessa tækni og útbúið námskeiðsefni um skógrækt á tölvutæku formi.

Í tengslum við Landgræðsluskóga heldur Skógræktarfélag Íslands námskeið fyrir flokk- og verkstjóra sveitarfélaganna í landinu. Þar koma tækin frá Bræðrunum Ormsson ehf/Beck's umboðinu sér vel.

Fræðsla er undirstaða góðs árangurs. Þessi mynd er tekin á ræktunarsvæði Skógræktarfélagsins Skógfells, Vogum á Vatnsleysuströnd, þar sem vel hefur verið vandað til verka. Þar hefur verið gróðursett undanfarin ár og kemur jörfaviðir sérlega vel út. Hér sést Björn Jónsson standa við fallegan jörfaviði, sem vex vel eftir að hafa verið gróðursettur með húsdýraáburði og fengið síðan endurtekna áburðargjöf. Mynd: JGP



Verzlunarmannafélag Reykjavíkur



GARÐEIGENDUR

TVÖ GLÆSILEG TÍMARIT
UM GARÐYRKJU
OG SUMARHÚS

TILBOÐ!
30% AFSLÁTTUR
EF KEYPT ER ÁSKRIFT AF BÁÐUM BLÖÐUNUM



VERÐ KR. 690.-
ÁSKRIFT KR. 1.800 FYRIR 3 BLÖÐ Í ÁR.



VERÐ KR. 690.-
ÁSKRIFT KR. 1.200 FYRIR 2 BLÖÐ Í ÁR.



ÚTGEFANDI:
RIT & RÆKT EHF,
HÁHOLTI 14,
270 MOSFELLSBÆ,
sími 586 8003, fax 586 8004
www.rit.is, Netfrit@rit.is

ÁSKRIFTARSÍMI 586 8005
TRYGGIÐ YKKUR EINTAK

GARÐAMJÖL

GERIR GARÐINN GRÆNAN

- ✓ Lífrænt vottaður áburður
- ✓ Ríkur af bætiefnum sjávar
- ✓ Bætir frjósemi
- ✓ Skerpir lit blóma, gras og laufs
- ✓ Eykur bragðgæði og geymsluþol
- ✓ Styrkir ónæmiskerfi plantna

**Vistvænn
garður**

**valkostur
jarðarinnar**



ÞÖRUNGAVERKSMIÐJAN

380 Reykhólum
Sími 434 7740

SÖLUADILAR

Blómaval
GRóðurvörur
ESSO bensinstöðvar
BYKO
Húsasmiðjan
Kaupfélag Borgfirðinga
KEA
Kaupfélag Skagfirðinga
og fleiri

HEILDSALA

Frjó hf., Heildverslun
Sími: 567 7850

Til liðs við náttúruna

með vörur frá Sæplast



Rotprær



Vatnstankar



Brunnar



Framlengingar



Sandföng

sæplast

Pósthólf 50, 620 Dalvík, Sími 460 5000, Fax 460 5001,
Netfang saeplast@saeplast.is, Heimasíða www.saeplast.is



GAGNVARIÐ TIMBUR, HREIN HIMNASENDING EÐA VERSTI SKAÐVALDUR?

Undanfarið hefur verið nokkur umræða um ágæti gagnvarins timburs en notkun þess hefur aukist mjög hérlandis hin síðari ár. Er nú svo komið að þrátt fyrir að viður fúni mun hægur á Íslandi en í nágrannalöndunum notum við orðið hlutfallslega meira af gagnvörðu timbri en hinar Norðurlandþjóðirnar. Vafalaust má rekja þessa aukningu til mikilla vinsælda sólþalla og skjólveggja og góðrar markaðssetningar söluaðila á efni í slík mannvirki.

Gagnvarið timbur er yfirleitt fura því hana er hægt að þrýstífúaverja gagnstætt t.d. greni. Skipta má efnum, sem notuð eru í þessu skyni, í tvo flokka, eftir því hvort þau eru olíu- eða vatnsleysanleg. Í báðum tilfellum eru fjölmargir möguleikar á efnablöndum allt eftir því hvaða kröfur eru gerðar. Timbur sem er gagnvarið með efnum, sem jafnframt eru skaðleg umhverfinu, eins og t.d. krómsöltum sem algengt er að nota, endist a.m.k. þrisvar sinnum lengur en ómeðhöndlað timbur. Eins má ekki gleyma því að gagnvarið timbur brennur mjög hægt og illa en hefur jafnframt þann ókost að senda frá sér eiturgufur við bruna. Þetta er þó misslæmt eftir því hvaða efni eru notuð.

Fyrir daga iðnvæðingar voru ýmsar aðferðir notaðar til að bæta endingu timburs. Í þá daga völdu menn efnið í skóginum og meðhöndlun þess byrjaði oft þar. Þeir sem höfðu aðgang að furuskógi völdu sér efni í bjálkahúsum og var borkur trjáanna særður að vori og látin standa þannig á röt í nokkur ár. Við þetta fylltust holrými viðarfrumanna af harpíx, sem var hin besta viðarvörn, og eru þess dæmi að slík hús verði 500-600 ára gömul. Þessi aðferð féll að mestu í gleymsku með iðnvæðingunni en nú er farið að markaðssetja hana aftur. Einnig var algengt að sviða yfirborð timbursins, nú eða tjarga, til að varna fúa. Af þessu sést að til eru ótal aðferðir og mis „umhverfissvænar“ til að lengja endingu timburs.

Í okkar kalda, næðingssama og skóglitla landi með einstaklega lágum loftraka er skiljanlegt þó spurt sé hvort þörf sé á eins bráðdrepanði gagnvörn og þar sem lífsskilyrði fúasveppa, skordýra og gróðurs eru mun betri og úrvalið nánast ótakmarkað. Eins er hollt að spyrja, hvar sé óþarft að nota gagnvarið timbur. Er kannski nægjanlegt að nota það, þar sem það snertir, eða er rétt ofan við yfirborð jarðar, þar sem raki er mikill og stöðugur, loftun lítil o.s.frv. Eða er kannski nægjanlegt að gagnverja með söltum og heilnæmum sjó? Vitað er að rekaviður fúnar seint og illa enda vandlega gagnvarinn af u.þ.b. fjögurra ára vist sinni í söltum djúpum Íshafsins. Sérstaklega á þetta við um lerkí sem rekur að ströndum okkar frá Síberíu. Úr því minnst er á lerkí er rétt að geta þess að auk þess að vera fallegur og lifandi viður, þá er lerkí einstaklega sterkur og varanlegur viður og þarf ekki að velkjast um í hafdjúpunum til þess. Þannig hafa Svíar, sem leiðandi skógarþjóð, lengi bent þá möguleika að nota lerkívið í stað gagnvarinnar furu. En oft er langt á milli orða og athafna og vart bólar á lerkigróðursetningum Svía. Í einum skilningi erum við

Íslendingar orðnir stórveldi í skógrækt miðað við skógarþjóðirnar nágranna okkar. Við gróðursetjum hvað mest af lerkí. Kostnaður við lerkirækt hér á landi er til þess að gera lítill. Það er einkum ræktað á rýru og verðlitlu landi og vex þar vel. Því er ekki úr lausu lofti gripið, eins og slegið hefur verið fram, að hér sé náttúruauðlind nýrra tíma. Hver veit nema skógarhögg og vinnsla á umhverfissvænu timbri, sem óþarft er að gagnverja, sé sú stóriðja sem Austlendingar hafa verið að bíða eftir. Ætla má að eftir nokkra áratugi verði timburiðnaður orðinn snar þáttur í atvinnulífi á Mið-Austurlandi og jafnvel víðar.

Einar Gunnarsson
Skógræktarfélagi Íslands



Ungur lerkiskógur á Héraði. Mynd: JGP


REYKJANÆSBÆR


Orkuveita Reykjavíkur

Bjálkabyggingar, Austurstræti 6,
Sími: 552 3377, Fax: 552 3337


Landbúnaðarráðuneytið


VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS


ÍSLANDBANKI


ÍÞRÓTTASKOR


ÍSFUGL



H R E I N T L O F T



H R E I N T V A T N



H R E I N J Ö R Ð



Búnaðarbankinn er stoltur af því að leggja þeim lið sem hafa frumkvæðið að því að skila hreinni og heilbrigðri íslenskrí náttúru í hendur komandi kynslóða. Landgræðslan, Skógræktarfélag Íslands, Gróður í Landnámi Ingólfs og Bernskuskógar eru meðal þeirra aðila sem hafa lýft grettistaki í umhverfismálum með aðstoð Búnaðarbankans.



FRÆÐSLUSTARF UM SKÓGRÆKT

Samstarf við Búnaðarbanka Íslands

Afar góð þátttaka hefur verið í fræðslustarfi skógræktarfélaganna það sem af er árinu. Eins og lesendum er kunnugt hefur Skógræktarfélag Íslands skipulagt fræðslustarf um skóg- og trjárækt í samvinnu við Búnaðarbanka Íslands hf, en bankinn hefur styrkt þetta starf um árabíl af miklum myndarskap. Núna hafa verið haldin í samstarfinu opin hús, skógargöngur, námskeið og ráðstefna og lætur nærri að þessa viðburði hafi sótt á bilinu 1500-2000 manns.

Í haust mun þetta starf hefjast aftur af fullum krafti og er rétt að benda lesendum á helstu atriði þess. Þessir viðburðir verða

		Borgarnes, Ísafjörður, Húsavík, Egilsstaðir, Selfoss. Í þessum göngum verður gengið um bæina og skoðuð áhugaverð tré.
1. sept.	Skógargöngur	
7.-19./23. sept.	Kynnisferð til Alaska	Uppselt, 72 þátttakendur
1. sept.	Skógarganga	Haðnarfjörður, skoðuð gömul tré
8. sept.	Skógarganga	Kópavogur, skoðuð gömul tré
15. sept.	Skógarganga	Reykjavík, skoðuð gömul tré
22. sept.	Skógarganga	Reykjavík, skoðuð gömul tré
25. sept.	Opið hús, Mörkin	Skógræktin í Ölvisholti
16. okt.	Opið hús, Mörkin	Fjölþættar viðarnytjar skógarins
13. nóv.	Opið hús, Mörkin	Skógur í fornum sögum

kynntir betur þegar nær dregur.



Skógargöngurnar eru vinsælar. Hér er göngufólk að hlusta á fróðleik um ræktunina við Vífilstaðaspítala í skógargöngu á vegum Skógræktarfélags Garðabæjar fyrir í sumar. Mynd: JGP.



Námskeið skógræktarfélagsins hafa verið vel sótt í vor. Björn Jónsson, fyrrv. skólastjóri Hagaskólans, hefur haldið mörg námskeið sem ræktunarfólk hefur verið duglegt að sækja, enda þar afar mikinn fróðleik að fá. Björn hélt námskeið á vegum Skógræktarfélags Suðurnesja í Reykjanesbæ í vor og sést hann hér með þátttakendunum. Mynd: JGP.

Borum eftir vatni

Verktakar • Vélaleiga • Vökvaflægur

Sprengingar • Rannsóknaboranir • Vatnsboranir

Þungaflutningar • Efnisflutningar

**Ræktunarsamband
Flóa og Skeiða ehf.**

Gagnheiði 35 • Selfossi

Símar 482 3500, 482 1147 & 852 5854

Veffang: www.raekto.is • Netfang: raekto@raekto.is

VÖKVUNARSLANGAN

Hraðar vexti trjáa, limgerða og skjólbelta með sívökvun.
Áhyggjur vegna þurrka og erfiður vatnsburður á braut.


Leaky Pipe vökvunarslangan er þekkt um allan heim sem íslensk gæðaframleiðsla. Slangan er afrakstur margra ára þróunar og rannsókna á því, hvernig ná má hámarksuppskeru og gæðum á stystum tíma með rétttri vökvun. Leaky Pipe vökvunarslangan er framleidd úr endurunnum hjólbörðum og endist við rétta notkun í áráraðir.

ECOLINE ehf

Sunnumörk 4, 810 Hveragerði
sími 483 4670, fax 483 4970

Skógrækt er landbúnaður

Landbúnaðarráðuneytið er fagráðuneyti skógræktar



Meginhlutverk Landbúnaðarráðuneytisins er að stuðla að þróttmiklum og sjálfbærum landbúnaði og öflugri matvælaframleiðslu til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.



Viðamikil skógræktarverkefni eru skipulögð í öllum landshlutum. Markmið þeirra er meðal annars að klæða landið skógi, framleiða timbur og skapa atvinnu.



Í landinu er stunduð margskonar skógrækt af bændum, áhugamannafélögum, fyrirtækjum og einstaklingum.

Landbúnaðarráðuneytið stuðlar að framgangi þeirra verkefna auk þess sem það vinnur að vernd gróðurhulunnar og uppgræðslu foksvæða.



Skógurinn er auðlind sem mun kalla á ný störf á landsbyggðinni og stuðla að fegurri sveitum.

Landbúnaðarráðuneytið



PÁLL GUTTORMSSON HEIÐURSFÉLAGI SKÓGRÆKTARFÉLAGS AUSTURLANDS

Skógræktarfélag Austurlands hefur gert Pál Guttormsson að heiðursféлага. Páll starfaði við skógrækt frá unglingsárum til elliára, langlengst á Hallormsstað. Hann varð búfræðingur frá bændaskólanum á Hólum 1935. Sigldi svo til Danmerkur og vann þar við skógrækt á annað ár. Árið 1937 stundaði hann nám við Skógræktarskóla ríkisins í Steinkjer í Noregi og brautskráðist þaðan fyrstur Íslendinga sem skógtæknifræðingur. Árin 1938-1939 var hann skógarvörður á Vöglum í Fnjóskadal. Frá 1940-1974 var hann verkstjóri í gróðrarstöðinni á Hallormsstað, og 1974-

1984 vann hann við hirðingu skógarins á Hallormsstað. Frá 1939 var hann veðurathugunarmaður á Hallormsstað og vann það verk af fágætri alúð og áhuga. Hann býr nú á Egilsstöðum og er furðu ern, kominn hátt á níræðisaldur.

Sigurður Blöndal
fyrrv. skógræktarstjóri, Hallormsstað.

Orri Hrafnkelsson, formaður Skógræktarfélags
Austurlands, afhendir Páli viðurkenningarskjalið.



NÝJUNG Á ÍSLANDI

TRJÁGREIP - UPPTÖKUTÆKI FYRIR STÓR TRÉ

Vorið 1999 flutti Pétur Þorvaldsson garðyrkjubóndi á Laugarströnd á Laugarvatni inn trjágreip, stórvirkt tæki til að flytja stór tré t.d. 6-7 m háar aspir.

Með því opnast fólki möguleikar á að flytja stóru trén sín í stað þess að fella þau þegar þrengist um í garðinum og til dæmis flytja þau í sumarbústaðalóðina. Ávinningur af notkun tækisins er margvíslegur: að hægt

er að færa stór tré með góðum árangri, þar sem tækið fer mjög vel með rótarklumpinn, margföld afköst fást miðað við gömlu góðu skófluna og það sem kannski er mest um vert, ólíkt minna álag á líkamann. Hægt er að pakka rótarklumpnum í gríðu og setja hann í grind ef tréð þarf að standa eða flytjast. Í sumar verður þannig unnið að því að flytja úr skógi aspir og mynda með þeim

skjólbelti og fá þannig fullvaxið skjólbelti strax!

Garðeigendur og ekki síður sumarhúsaeigendur hafa sýnt þessari tækni mikinn áhuga og sjá í henni mikla möguleika. Það má því segja að góð reynsla hefur verið af tækinu og hafi það sannað ágæti sitt. Nánari upplýsingar veitir Pétur Þorvaldsson, sími: 8958519.

Sorptunnuskýli

Góðir Íslendingar,
Mér er það sérstök ánægja að tilkynna að nú hafa hundruð Íslendinga keypt EG skýli og sofa vært þó að það hvesi. Að vakna á morgnana og vita af sorptunnunum á sínum stað í skjólgóðu og fallegu EG skýli, það er frábært!

Pantið tímanlega.
Upplýsingar í sínum
897 1889 og 565 4364.

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA **EINAR GUÐMUNDSSON**

Nauðsynleg áhugafólki um garðrækt

- Jafnt fyrir byrjendur sem vana garðyrkjumenn.
- 550 blaðsíður í stóru broti.
- 3.000 litmyndir og skýringarteikningar.

Sannkölluð alfræði garðeigandans

FORLAGIÐ

Suðurlandsbraut 12 • Sími 522 2000



„Orkuveita Reykjavíkur aflar og dreifir vistvænni orku og beitir sér fyrir því að hreinir orkugjafar séu nýttir í stað mengandi orkugjafa.“

„Hver vann hér svo að með orku?
Aldrei neinn svo vigi hlóð.
Búinn er úr bálastorku
bergkastali frjálsri þjóð.
Drottins hönd þeim vörnum veldur.
Vittu, barn, sú hönd er sterk.
Gat ei nema guð og eldur
gjört svo dýrðlegt furðuverk.“

Jónas Hallgrímsson